

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hólahreppi í Skagafirði.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51, 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Hólahreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5 gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 55.

10. febrúar 1969.

G J A L D S K R Á**fyrir Rafveitu Sauðárkróks.****I. RAFORKA**

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 7.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.60 hverja kwst. auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 40.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en geymslur og ganga skal greiða kr. 14.00 á ári af hverjum fermetra. Einnig greiðist grunnjald, kr. 900.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- | | |
|--|---------------------|
| a. Grunnjald | kr. 13.00 á mánuði. |
| b. Orkugjald af allri notkun | — 1.60 kwst. |
| c. Fastagjald af hverju herbergi | — 13.00 á mánuði. |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.25 hverja kwst.
2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst. mæli.